

Miðvikudaginn 25. október 1961.

Nr. 133/1960. **Snæbjörn Sigurðsson** (Páll Líndal hdl.)

gegn

Margréti Sigurðardóttur,

Ragnari Davíðssyni,

Aðalsteinu Magnúsdóttur og

Gísla Björnssyni (Friðrik Magnússon hdl.)

og

Agli Halldórssyni og

Ingólfi Gunnarssyni (Páll S. Pálsson hrl.)

og gagnsök.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Armann Snævarr.

Landamerkjамál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1960 og gert þessar dómkröfur:

Í aðalsök, að sett verði merki milli Grundar annars vegar og Holts, Holtsels og Miðhúsa hins vegar sem hér segir:

1. *Merki Holts verði nyrzt núverandi túngirðing og fylgi henni síðan að norðvesturhorni skógræktarreitsins og síðan girðingu á vesturmörkum, unz kemur að staur, sem stendur á syðri beygju girðingarinnar, þaðan fylgi þau línu, er hugsast dregin allt suður að Holtsenda að veginum, fylgi honum síðan austur að girðingu um nýrækt aðaláfrýjanda og síðan þeirri girðingu allt suður að Finnastaðaa.*

2. *Merki Holtsels verði ákveðin lína dregin frá merktum staur í fjallsgirðingunni, sem mælt hefur 199 faðma frá Finnastaðamerkjum (var áður talin 194 faðma) í norðvesturhorn túngirðingar Holts, sem áður er lýst.*

3. *Merki Miðhúsa verði ákveðin norðan Grundarhliðs frá fjallgirðingunni, eins og túngirðing Miðhúsa liggur, og fylgi*

henni að norðausturhorni fjárréttarinnar og áfram að þvergirðingu og síðan eftir línu, sem dregin yrði beint í framhaldi af túngirðingunni í sýsluvegin. Síðan fylgi merkin veginum, þangað til kemur að línu, sem hugsast dregin frá punkti 20 faðma norðan Grundarhliðs í norðvesturhorn girðingar, sem liggur að Hólshúsalandi, og fylgi þeirri línu.

Merki þessi eru sýnd nákvæmlega á framlögðum uppdrætti Inga Garðars Sigurðssonar, dags. 31. maí 1959, endurskoðuðum 6. júní 1960.

Í gagnsök, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjenda. Loks krefst hann þess, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur Margrét Sigurðardóttir, Ragnar Davíðsson, Aðalsteina Magnúsdóttir og Gísli Björnsson hafa áfrýjað málinu með stefnu 22. september 1960 og krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um landamerki Grundar I, Holts og háflendnanna Holtsels og Miðhúsa og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur Egill Halldórsson og Ingólfur Gunnarsson hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. nóvember 1960, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. desember 1960 og krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur um landamerki og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitnaleiðslur farið fram og nýrra gagna verið aflað.

Grundartorfan í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu hefur frá fornu fari skipzt í höfuðbólið Grund og hjáleigurnar Hólshús, Miðhús, Holt og Holtsel.

Magnús Sigurðsson, er um langan aldur bjó á Grund, andaðist hinn 18. júní 1925. Samkvæmt skiptagerð í búi hans, dags. 11. marz 1926, átti hann á dánardegi $\frac{5}{8}$ jarðarinnar Grundar ásamt hjáleigum, er skiptust þannig, að ekkja hans, Margrét Sigurðardóttir, hlaut $\frac{3}{8}$ hluta torfunnar, Aðalsteina Helga, dóttir Magnúsar og Margrétar, $\frac{1}{16}$ hluta torfunnar,

tvær dætur Magnúsar af fyrra hjónabandi fengu hvor $\frac{1}{16}$ hluta jarðarinnar, og sonarsonur Magnúsar, Magnús Aðalsteinsson, fékk $\frac{1}{16}$. Önnur dóttir Magnúsar af fyrra hjónabandi, Valgerður, og maður hennar, Hólmgeir Þorsteinsson, afsöluðu Aðalsteinu Magnúsdóttur hinn 5. ágúst 1930 sínum $\frac{1}{16}$ hluta Grundar. Eiga þær Margrét Sigurðardóttir og Aðalsteina Magnúsdóttir því hálfa Grundartorfunu, Magnús Aðalsteinsson eignaðist hins vegar hinn helming Grundartorfunnar.

Hinn 26. september 1947 seldi Magnús Aðalsteinsson aðaláfrýjanda, Snæbirni Sigurðssyni, þá bónda í Hólshúsum, helming jarðarinnar Grundar ásamt helmingi jarðarinnar Holts og helming Hólshúsa.

Hinn 5. nóvember 1947 gerði aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi Ragnar Davíðsson, eiginmaður Margrétar Sigurðardóttur, f. h. konu sinnar og Aðalsteinu Magnúsdóttur makaskiptasamning þannig, að Snæbjörn lét af hendi hálfa hjáleiguna Holt og nokkra milligjöf, en fékk hálfa hjáleiguna Hólshús.

Hinn 8. október 1954 seldi Magnús Aðalsteinsson Agli Halldórssyni, bónda í Holtseli, hálfa þá hjáleigu, og hinn 15. maí 1957 seldi Magnús Ingólfi Gunnarssyni hálfa hjáleiguna Miðhús.

Eigi liggja fyrir frá fyrri tímum landamerkjálýsingar, er greini heimalönd höfuðbýlisins Grundar og hjáleignanna. Hafa þeir, sem í hlut eiga, því skapað sér skoðanir, oft lítt rökstuddar, um þessi efni.

Magnús Aðalsteinsson. Vætti hans er rakið í héraðsdómi. Hann kveðst eigi hafa heyrt annað en lönd Holtsels og Miðhúsa lægju saman, en viðurkennir, að sér séu eigi kunn merkin. Hann kveðst eigi fyrr en nýlega hafa heyrt því haldið fram, að Grund I og Grund II eigi 100 faðma spildu milli Holtsels og Miðhúsa, en kveðst eigi hafa aðstöðu til að mynda sér skoðun um þessa fullyrðingu. Hann segir, að Holtsbóndi hafi, meðan á þeirri jörð var búið, nytjað land að skógræktargirðingu eða jafnvel inn fyrir hana.

Hólmgeir Þorsteinsson, kvæntur Valgerði Magnúsdóttur, hefur dvalizt langdvölum á Grund og bjó þar 1923—1929.

Vætti hans er rakið í héraðsdómi. Hann segir, að hann hafi aldrei heyrt getið um, að Grund ætti ákveðna spildu lands milli Miðhúsa og Holtsels. Spurður fyrir dómi, kveðst hann eigi vita til, að eigendur Grundar hafi úthlutað hjáleigunum landi með ákveðnum merkjum, „en segir hins vegar, að hjáleigurnar hafi haft ákveðið land og merki fyrir landi sínu, en hann segist aldrei hafa gengið á þessi merki og hafi honum ekki verið vel kunnugt um, hvar þau voru“. Hann segir, að Holtsbændur hafi slegið bæjargilið og einnig svæðið upp af skógarreitnum. Hann kveðst hafa árið 1932 sem umboðsmaður erfingja Magnúsar Sigurðssonar samkvæmt tilmælum Axels Jóhannessonar, þáverandi ábúanda Holts, tekið þátt í að „leggja vörzlugirðingu á austurmörkum Holtslands og suður að Finnastaðaá“. Júlíus Ólafsson, bóndi í Hólshúsum, hafi sem fjárhaldsmaður Magnúsar Aðalsteinssonar einnig verið hluttakandi. Hafi þeir Júlíus lagt til grundvallar þá nytjun landsins, sem þeim var kunnugt um af hendi Holtsbænda, en þeim hafi verið fullljóst, að þeir voru „ekki að dæma um nú og endanleg“ landamerki, heldur samkvæmt ósk ábúanda Holts að ákveða girðingarstæði, sem þó væri sem allra næst hinum raunverulegu merkjum, eins og þeir töldu þau vera og þau hefðu haldin verið um langa tíð. Samt viðurkennir Hólmgeir, að þeir Júlíus hefðu eigi vitað um nákvæm merki.

Valdimar Antonsson bjó á Grund 1920—1923. Vætti hans er rakið í héraðsdómi. Hann kveðst aldrei hafa heyrt getið um, að Grund ætti ákveðna spildu lands milli Miðhúsa og Holtsels. Hann veit eigi til, að fram hafi farið úthlutun á landi til býlanna í Grundartorfu. Hann segist eigi hafa orðið þess var, að Holtsbændur hafi í sinni tíð slegið í bæjarlækjargili og vestan við skógræktargirðinguna eða í henni sjálfri, en hann hafi séð, að nefndir bændur hafi heyjað í láginni fyrir sunnan Kálfagrundina, það er í Höllunum.

Axel Jóhannesson bjó í Holti 1930—1935. Framburður hans er í héraðsdómi. Styður vætti hans um landsnytjar Holts í aðalefni kröfu eigenda Grundar I og Holts. Hann gerði vörzlugirðingu þá, sem áður greindi, í samráði við þá

Hólmgeir Þorsteinsson og Júlíus Ólafsson. Axel hefur eigi getað bent á neinar fullgildar merkjalýsingar.

Jón Kristjánsson bjó í Holti 1935—1940. Í héraðsdómi er ritað vætti hans. Hann hafði fræðslu sína um merkin frá fyrirrennara sínum. Hann tók við landinu að mestu afgirtu. Styður vætti hans um landsnyttjar Holts að mestu kröfur eigenda Grundar I og Holts.

Steinþór Sigurjónsson, sem átti heima í Holti 1890—1930, styður í vætti, er héraðsdómur rekur, kröfur eigenda Grundar I og Holts. Telur hann, að eigi hafi verið ágreiningur um landamerki og land nytjað frá Holti samkvæmt því.

Magnús Sigurjónsson var í Holti frá fæðingu 1898—1930. Er framburður hans greindur í héraðsdómi. Hann heyrði aldrei nefnd föst landamerki milli Holts og Grundar. Eftir vætti Magnúsar að dæma, virðist hafa verið sambeit í hinum svonefndu Höllum milli Grundar og Holts, en heyjað hafi verið þar frá Holti.

Guðrún Jónsdóttir er fædd á Grund 1908 og var þar að mestu til 1930. Framburður hennar er í héraðsdómi. Hún segir, að Magnús Sigurðsson hafi hvorki viljað hafa kýrnar, sem hún gætti, uppi í Höllum, er nytjuð hafi verið frá hinum bæjunum, né í gílinu eða vestan við skógarreitinn.

Þórður Jóhannesson. Hann var á Miðhúsum 31 ár, og er vætti hans rakið í héraðsdómi. Hann hefur það eftir föður sínum, er bjó í Miðhúsum, að lönd Holtsels og Miðhúsa liggi saman, en getur eigi bent á önnur skilríki.

Guðlaug Jónasdóttir bjó með eiginmanni sínum, Þórhalli Antonssyni, á Grund 1923—1924 og 1929—1935. Hún kveðst alltaf hafa litið svo á, að umferðarsvæðið eftir svonefndum Grundargötum og um Grundarhlið í fjallsgirðingunni „tilheyrði sjálfri heimajörðinni“, en býlið Holtsel og Miðhús hafi um þær mundir haft hvort sitt hlið á fjallsgirðingunni. Spurð kveðst hún eigi geta sagt um, hvort umferðarspildan hafi „tilheyrt“ heimajörðinni einni eða hvort hún hafi verið sameign hennar og býlanna.

Tryggvi Jónatansson, Litla-Hamri, kveðst hafa frá því vorið 1927 og til hausts 1928 verið ráðsmaður hjá Margréti

Sigurðardóttur á Grund. Síðan hafi hann tímum saman, samtals 2—3 ár, verið starfandi að Grund og í Hólshúsum. Auk þess hafi hann verið í umferðarvinnu við plægingar á Grundartorfu. Laust fyrir 1930 kveðst Tryggvi hafa plægt undir túnauka hjá Eggert heitnum Jónssyni í Holtseli norðanvert við túnið. Hafi Eggert þá getið þess, að hann væri eiginlega eigi viss um, hve langt hann mætti rækta til norðurs, þar sem honum væri eigi kunn merki milli Holtsels og Grundarspildunnar, sem notuð hefði verið til rekstrar til og frá Grund upp til fjallsins. Veturinn 1927—1928 segist Tryggvi hafa beitt fé í brúnirnar suður af Kálfagrundinni fyrir neðan Holtstúnið, og vorið 1928 hafi hann beitt sauðfé norður fyrir lækinn vestur af skógargirðingunni, og hafi eigi verið við því amast.

Karl Guðmundsson, Þingvallastræti 12, Akureyri, kveðst hafa átt heima í Hólshúsum frá 5—25 ára aldurs. Hann telur, að svæði það, sem búsmalinn var rekinn um frá Grund, Grundargötur, hafi „tilheyrt“ Grund, og hafi þeir, sem á jörðunum bjuggu, sagt honum það, og nefnir hann sérstaklega sem heimildarmann Júlíus Ólafsson bónda í Hólshúsum, er hann var uppalinn hjá.

Guðmundur Guðmundsson, Helgastöðum, tjáist hafa verið vinnumaður á Grund 1928—1929. Hafi þá Jón heitinn Tómasson, sem verið hafði um áratugi ráðsmaður og fjármaður Magnúsar Guðmundssonar, sagt, að landið fyrir vestan brautina og allt upp á brekkubrún (að túnjaðri Holts) væri eign Grundar, og svo áfram suður að Finnastaðaa í beinu framhaldi. Kveðst Guðmundur hafa beitt þetta land að nokkru.

Nokkur fleiri vitni hafa verið leidd, en eigi þykir ástæða til að rekja vitnisburði þeirra frekar.

Svo sem getið var, hafa eigi verið lagðar fyrir dómstóla merkjalýsingar, er kveði á um landamerki höfuðbýlisins Grundar og hjáleignanna Holts, Holtsels og Miðhúsa. Úttektargerð sú á vörzlugirðingu, sem framkvæmd var 29. október 1920 og aðaláfrýjandi ber fyrir sig, getur eigi ráðið úrslitum. Vætti þau, sem rakin voru, geta ekki heldur

skorið úr, en líta ber þó til þeirra um það, hverjar landsnyttjar hafa verið á þrætusvæðinu. Ósennilegt er og ósannað, að eigendur höfuðbýlisins Grundar hafi svipt sig með vilja eða í verki eignarráðum að umferðarsvæði til úthaga síns og vatnsbóls, og fá landsnyttjar gagnáfrýjenda eigi svipt eigendur Grundar eignarráðum til hæfilegrar umferðarbrautar. Er því rétt að dæma aðaláfrýjanda sameign með Grund I að slíku umferðarsvæði, en með hliðsjón af því, hvernig landsnyttjum hefur verið háttað, þykir breidd umferðarsvæðisins réttilega ákveðin 20 faðmar. Þar sem það ber undir landamerkjadóm að setja niður merki fyrir umferðarsvæðið, verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og visa málinu heim til löglegrar meðferðar, þ. á m. um væntanlegan umferðarrétt hjáleigna til umferðarsvæðisins, og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu visað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar samkvæmt framansögðu.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Eyjafjarðarsýslu 27. júní 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 21. þ. m., var tekið fyrir hér fyrir dómi 16. október 1958 eftir skriflegri beiðni Aðalsteinu Magnúsdóttur og Ragnars Davíðssonar, umráðamanna Grundar I, Holts og háflendnanna í Holtsemi og Miðhúsum, allra í Hrafnagilshreppi, Snæbjarnar Sigurðssonar, eiganda Grundar II í sama hreppi, og Ketils S. Guðjónssonar, eiganda Finnastaða í sama hreppi. Í bréfinu segir: „að þar sem hvergi er finnanleg nein merkjalýsing milli jarða okkar né heldur beinlínis fyrir jarðirnar gagnvart nágrannajörðunum“, þá er þess óskað, að málið sé fyrir tekið til sáttaumleitunar og meðferðar samkvæmt II. kafla landamerkjalaga. Samkvæmt kvaðningu valdsmanns komu framangreindir aðiljar, þ. e. Gísli Björnsson og Ragnar Davíðsson, eig-

inmenn Aðalsteinu Magnúsdóttur og Margrétar Sigurðardóttur, þinglýstra eigenda Grundar I, Holts og háflendnanna Holtsels og Miðhúsa, Snæbjörn Sigurðsson, eigandi Grundar II, Helgi Schiöth, eigandi Hólshúsa, Ingólfur Gunnarsson, eigandi háflendunnar í Miðhúsum, Egill Halldórsson, eigandi háflendunnar í Holt-seli, Ketill S. Guðjónsson, eigandi Finnastaða, en framangreindar jarðir eru í svokallaðri Grundartorfu, nema Finnastaðir, eða a. m. k. hefur sú jörð eigi talizt til hjáleigna aðaljarðarinnar. Enn fremur voru kvaddir til þessa réttarhalds eigendur Espihóls, Dvergstaða, Möðrufells og Torfna, en allar eru jarðir þessar í Hrafnagilshreppi. Í þessu réttarhaldi voru gerðar sáttir um merki eftirgreindra jarða: Grundar I og II annars vegar og Espihóls hins vegar, Dvergstaða annars vegar og Hólshúsa og Grundar I og II hins vegar, Grundartorfu og Finnastaða annars vegar og Möðrufells og Torfna hins vegar. Þá var gerð sátt um merki Finnastaða annars vegar og Holts og Holtsels og Miðhúsa hins vegar og Hólshúsa og Grundar I og II. Hins vegar náðust ekki sættir milli Snæbjarnar Sigurðssonar, eiganda Grundar II, annars vegar og hins vegar eiganda Holts, sem nú hefur verið lögð undir Grund I, Holtsels og Miðhúsa, og fjallar mál þetta því, eins og það liggur nú fyrir, um landamerki Grundar I og II annars vegar, þar sem þeirri jörð er eigi skipt að fullu, og hins vegar jarðanna Holts, Holtsels og Miðhúsa.

Í réttarhaldi í málinu 18. nóvember 1958 úrskurðaði dómurinn, að uppdráttur yrði gerður af þrætusvæðinu, og var hann gerður og lagður fram sem dskj. nr. 19.

Í réttarhaldi 18. maí s.l. ákvað dómurinn að fela sama manni og gert hafði uppdráttinn á dskj. nr. 19, Inga Garðari Sigurðssyni ræktunarráðunaut, að setja inn á kortið línur, er sýni kröfur aðilja og ýmis fleiri atriði, og var það gert, og kortið lagt fram sem nr. 49 í málinu.

Upphaflega voru gerðar kröfur í máli þessu, varðandi beitiland ofan svokallaðrar fjallsgirðingar, en með samkomulagi aðilja í rétti 30. október 1958 var ákveðið að takmarka mál þetta við lönd jarðanna neðan þessarar girðingar, eins og hún er nú, og verður þá ekki fjallað í þessu máli um merki, er liggja að þeirri girðingu, enda mun ekki vera að ræða um neinn ágreining um sjálf merkin, heldur hverjir séu aðiljar að þeim merkjum. Að sjálf-sögðu verður ekki í máli þessu heldur fjallað um þau merki, er réttir aðiljar hafa gert sátt um í málinu eða lýst sig algerlega sam-mála, heldur aðeins þau atriði, er ágreiningur er um og merkt

hefur verið inn á uppdráttinn á dskj. nr. 49. Á uppdrætti þessum hafa kröfulínur Snæbjarnar Sigurðssonar, eiganda Grundar II, gagnvart Miðhúsum, Holtseli og Holti verið merktar með rauðum línunum, kröfur eigenda Miðhúsa og Holtsels með grænum línunum og kröfur eigenda Holts með bláum línunum. Eins og kröfum og málsögögnum er nú háttað, þykir hagkvæmast að taka fyrst til úrlausnar sameiginleg merki jarðanna Holtsels og Miðhúsa, hvorrar gegn annarri og gagnvart Grund, en síðan merki Holts.

Landamerki Holtsels og Miðhúsa gagnvart hvort öðru og gagnvart Grund.

Í kröfugerð Snæbjarnar Sigurðssonar gagnvart Holtseli segir svo: „Landamerki Holtsels verði ákveðin þannig að norðan (móti Grund): Samkvæmt úttektargerð á girðingarhluta Holtsels í fjallsgirðingunni, sem er hin eina heimild, sem til er um breidd Holtselsspildunnar frá norðri til suðurs, verði mældir 194 fm frá Finnastaðamerkjum til norðurs eftir hinu upphaflega girðingarstæði fjallsgirðingarinnar. Frá þeim punkti, sem mæling þessi endar, verði markalína fyrir norðurkanti Holtselslands dregin til austurs í norðvesturhorn girðingar þeirrar, er samkvæmt framansögðu umlykur Holtsland. Virðist enda liggja í augum uppi, að merki beggja þessara hjáleigna standast á, þar sem hér var upphaflega aðeins um eina hjáleigu að ræða, sem sé Holt, sem Holtsel var síðan byggt út úr sem $\frac{1}{3}$ hluti heildarinnar. Þetta kemur og næsta vel heim við grjótagarð þann, sem fyrir 60 árum var hlaðinn norðan við bæinn í Holtseli til þess að verjast ágangi af búpeningi frá Grund, sem daglega var rekinn vestur spildu þá af Grundarlandi, sem liggur næst norðan við land téðra hjáleigna... Breidd þessarar viðbótar mun koma vel heim við þá 194 fm, sem ofan greinir, og sannar þetta enn betur fyrrtéða kröfu um breidd Holtselslands og markalínu Holtsels gagnvart Grund“.

I kröfugerð Snæbjarnar Sigurðssonar gagnvart Miðhúsum segir svo: „Eftir því sem bezt er vitað, var vesturkantur Grundarlands á þessu svæði (milli Grundartúns og fjallsgirðingar) 100 fm frá norðri til suðurs, mælt eftir fjallsgirðingunni milli Holtselsspildunnar, er áður greinir, og lands Miðhúsa. Kemur þetta mjög vel heim við orðalag téðrar úttektargerðar (frá 25/10 1920) og staðhætti, þar sem Grundarhlið á fjallsgirðingunni er um 80 fm norðar á girðingunni en girðingarhorn Holtsels samkvæmt því, sem það á að vera, sbr. framanritaðan kafla um Holtsel. Þannig hefur Grund átt rétt til, að suðurmörk Miðhúsalandis við fjallsgirðing-

una teldust 20 fm norðan Grundarhliðs, sem enn stendur óhreyft á sama stað og það var í upphafi. En nú er svo komið, að þessi 20 fm breiða spilda milli fjallsgirðingarinnar og nýja sýsluvegarins er orðin ræktuð og afgirt tún frá Miðhúsum. Sennilega hefur þessi túngirðing Miðhúsa verið sett niður með leyfi Grundarbænda. Með tilliti til þessa og þar sem hér er um mjóa ræmu að ræða, vil ég ekki gera kröfu til, að á þessu svæði verði þrengt að Miðhúsum. En austan við sýsluveginnið niður að kúahólfsgirðingu Grundar krefst ég þess, að merki milli Grundar og Miðhúsa verði lína, dregin eftir stefnunni milli punkts í fjallsgirðingu 20 fm norðan Grundarhliðs og norðvesturhorns girðingarinnar utan um téð kúahólf, sem að mestu liggur að Hólshúsalandi.“

Í réttarhaldi 14. september 1959 ákvarðaði Snæbjörn Sigurðsson þessa kröfu sína nánar þannig, að túngirðing Miðhúsa, eins og hún liggur (austur) frá réttinni, og framhald þeirrar girðingar niður að sýsluvegi verði merki, og hefur sú lína verið sett inn á uppdráttinn. Þá hefur Snæbjörn Sigurðsson krafist málskostnaðar eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Kröfur eigenda Miðhúsa, eins og þær liggja endanlega fyrir, sbr. dskj. nr. 6 og 49, eru þær, að að sunnan liggja merkin úr miðju Grundarhliði í girðingunni fyrir sameiginlegu landi Grundartorfunnar í klofinn stein á Miðhól, þaðan í barð við suðvesturhorn fjárréttarinnar. Síðan ráði bein lína í miðjan Gunnumel austur í Holtsgirðingu. Þeir mótmæla því, að milli jarðanna Miðhúsa og Holtsels sé ca. 100 fm breið landspilda frá fjallsgirðingu að Grundartúni, sem sé óskipt sameign eigenda Grundar. Hins vegar hefur umboðsmaður háflendunnar í Miðhúsum, Jónas G. Rafnar, lýst því yfir, að viðurkenndur væri umferðarréttur eigenda Grundar og Holts um syðsta hluta landsins til nytja hins óskipta lands í fjallinu, hvort heldur væri til beitar eða annarra löglegra tíðkanlegra afnota, svo sem verið hafi frá fornu fari.

Kröfur eigenda Holtsels til norðurs, það er eins og þær eru endanlega, sbr. dskj. nr. 7 og 49, eru þessar: Að norðan liggja merkin úr miðju Grundarhliði í klofinn stein á Melhól og þaðan í barð við suðvesturhorn fjárréttarinnar. Síðan ræður bein lína um miðjan Gunnumel austur í Holtsgirðingu. Er þessi krafa algerlega í samræmi við kröfu eigenda Miðhúsa á þessu svæði. Þeir mótmæla einnig, að það hafi við nokkuð að styðjast í kröfu Snæbjarnar Sigurðssonar, að ca. 100 fm breið landspilda sé á milli Holtslands og Miðhúsa, en hins vegar hefur Jónas G. Rafnar,

umboðsmaður háflendunnar í Holtseli, lýst því yfir, að eigendur Grundar og Holts eigi umferðarrétt um nyrzta hluta landsins til nytja hins óskipta beitolands í fjallinu, hvort heldur væri til beitar eða annarra löglegra tíðkanlegra afnota, svo sem verið hafi frá fornu fari. Þá hefur umboðsmaður eigenda Grundar I, sem jafnframt eru eigendur háflendnanna í Holtseli og Miðhúsum, lýst því yfir, að skjólstæðingar hans stæðu eigi að kröfugerð Snæbjarnar Sigurðssonar, varðandi þessar jarðir, en að þeir telji þau merki rétt, er gerð hafa verið af eigendum jarðanna og að framan er lýst. Þá hefur hann tekið fram, að samkvæmt fasteignamati frá 1940 séu merki allra þessara jarða talin ágreiningslaus.

Þá hefur Jónas G. Rafnar, umboðsmaður háflendnanna í Holtseli og Miðhúsum, vefengt, að Snæbjörn Sigurðsson geti á eindæmi sitt haft uppi kröfur um merki gagnvart landspildu, sem hann vill telja óskipt land Grundar, án þess að þeir, er þá væru sameigendur hans, hefðu samstöðu með honum um kröfurnar. Í réttarhaldi 16. júní 1960 lýsti Jónas G. Rafnar því yfir, að hann skoðaði þetta ekki sem frávísunarkröfu, en áskildi sér allan rétt að öðru leyti, er fælist í 46. gr. einkamálalaganna, og við flutning málsins krafðist hann þess, að hér væri farið eftir því ákvæði téðrar lagagreinar, að ef yfirlýsingar þeirra, er eiga óskipt réttindi, séu ósamrýmanlegar, þá skuli sú yfirlýsing, sem gagnaðilja sé hagkvæmari, lögð til grundvallar. Bæði eigendur Holtsels og Miðhúsa hafa gert kröfur um málskostnað sér til handa úr hendi Snæbjarnar Sigurðssonar eftir reikningi eða mati dómsins.

Verður nú vikið nánar að gögnum hvors deiluaðilja um sig, að því er þetta svæði snertir, en þar er annars vegar Snæbjörn Sigurðsson, eigandi Grundar II, og hins vegar eigendur Holtsels og Miðhúsa, þar sem kröfur þeirra eru samhljóða. Fyrst verður því vikið að rökfærslum Snæbjarnar Sigurðssonar.

Í greinargerð umboðsmanns Snæbjarnar Sigurðssonar er fyrst og fremst vitnað til kröfugerðarinnar á dskj. nr. 2, sem að framan er tekin upp að mestu orðrétt. Samkvæmt orðalagi kröfugerðarinnar byggir Snæbjörn Sigurðsson kröfur sínar um, að Grund tilheyri ca. 100 fm breið spilda frá svo nefndri fjallsgirðingu niður að Grundartúni, fyrst og fremst á þarnefndri „úttektargerð“ og því atriði, að uppfærsla fjallsgirðingarinnar fyrir Holtselslandi 1940 sé í samræmi við hana. Nefnd „úttektargerð“ á fjallsgirðingunni hefur verið lögð fram í málinu á dskj. nr. 12. Í upphafi þessa skjals segir, að úttektarmenn Hrafna-

gilshrepps séu mættir að Grund til þess að mæla upp og skipta vörslugirðingu þeirri, sem lögð var 1908 fyrir ofan bæina frá Finnastaðaa og út að Dvergstaðamerkjum og þaðan til fjalls. Og í öðru lagi til þess að meta til peningaverðs efri helming þvergirðingarinnar og í þriðja lagi að gera álit á þann hluta girðingarinnar, sem tilheyrir Finnastöðum. Þá segir í skjalinu, að girðing þessi liggi út og suður með álmunni niður að Dvergstaðagirðingunni, en þetta er sama girðing og nefnd er venjulega í máli þessu „fjallsgirðing“, en hún er talin vera samkvæmt úttektargerðinni 1204 fm, en þvergirðing frá henni við Dvergstaðamerki til fjalls 1284 fm, allri langgirðingunni og hálfri þvergirðingunni, eða samtals 1846 fm, er skiptast þannig á milli jarðanna: Finnastaðir 324 fm, Holt sel 1194 fm, Holt 180 fm, Miðhús 198 fm, Hólshús 324 fm og Grund 626 fm. Þá segir svo í matsgerðinni: Þeir 324 fm, sem við höfum úthlutað Finnastöðum, liggja allir fyrir landi jarðarinnar út að Holtselsmerkjum, þá tekur við Holtselsgirðing 194 fm, þar næst fyrir utan er Grundargirðing 164 fm og að auki 462 fm af þvergirðingunni ofan til af neðri helming hennar eða alls 626 faðmar.

Norðan við Grundargirðingu tekur við Miðhúsagirðing fyrir nokkrum hluta jarðarinnar, 198 fm á lengd. Þá Hólshúsagirðing út að merkjum og niður að Dvergstaðagirðingu, alls 324 fm. Holtsgirðing er neðsti hluti þvergirðingarinnar frá langgirðingunni upp að þeim hluta, sem tilheyrir Grund.

Af því Holt á ekkert land að langgirðingunni og hefur ekkert hlið á henni, verður að áskilja ábúanda rétt til að nota Grundarhliðið eftir þörfum.

Telur eigandi Grundar II, að augljóst sé, þegar þessir liðir úttektargerðarinnar séu athugaðir í samhengi, að Holt sel hafi átt að sjá um girðinguna fyrir þessu landi öllu, og sýni það, að landskák þessi hafi ekki verið breiðari, þ. e. 194 fm. Þá telur sami aðili það mjög styrkja skoðun sína, að uppfærsla á landi Holtsels, sem gerð var með ráði eigenda Grundar um 1940, hafi miðast við sama stað til norðurs og endamörk hluta Holtselslands af girðingunni samkvæmt úttektinni.

Stefnu línunnar gagnvart Holtseli til austurs frá nefndum stað í fjallsgirðingunni virðist eigandi Grundar II byggja aðallega á því, að merki beggja hjáleignanna, er hér eiga hlut að, þ. e. Holtsels og Holts, standist á, þar sem upphaflega hafi þetta verið ein og sama hjáleigan, og á hann þar að sjálfsögðu við merki Holts, eins og hann hefur gert kröfu um þau í máli þessu,

og loks kveður hann þessa línu koma næsta vel heim við grjótgarð þann, sem fyrir 60 árum hafi verið hlaðinn norðan við bæinn í Holtseli til þess að verjast ágangi af búpeningi frá Grund, sem daglega hafi verið rekinn eftir spildu þar fyrir norðan. Að því er varðar suðurmerki Miðhúsa á þessu svæði vestan sýsluvegar, byggir Snæbjörn Sigurðsson kröfu sína á því, að þar sé túngirðingin, sem sennilega hafi verið sett með samþykki Grundarbænda, en varðandi merkin austan vegarins, byggir hann á hinni nefndu matsgerð, þ. e. endapunktur línunnar til vesturs séu 20 m norðan við Grundarhlið svonefnt, og er þetta byggt á því, að Grundarspildan sé 100 fm, en Grundarhliðið sé 80 fm norðan við hluta Holtsels, og hafi Miðhúsamerki því upphaflega verið 20 fm norðan við hliðið. Varðandi hinn enda þessarar línu eða stefnu hennar, hafi ekki verið færð nein sérstök rök, nema þá það, að tilgreint er, að Hólshúsaland byrji þar fyrir norðan.

Samkvæmt kröfu þessari er nefnd spilda um 300 m neðst (austast). Þá hefur umboðsmaður Snæbjarnar Sigurðssonar fært fram sem rök fyrir kröfu sinni, að í Grundartorfunni tilheyrir allt land höfuðjörðinni, sem ekki hefur verið útskipt, og beri þeim, er halda vilji öðru fram, að sanna sitt mál fullkomlega. Þá kveður hann ljóst af skiptagerningnum, að Holtselsmenn og Miðhúsa hafi ekki átt rétt til að fara um Grundarhliðið, og hefur bent á, að aðalvatnsból Grundar sé á hinni tilgreindu landspildu. Hins vegar telur hann lítt á því að byggja, þótt hjáleigubændur reyttu slægjur hingað og þangað, þar á meðal í þessari spildu, enda sé upplýst, að þeir hafi heyjað á landi, sem enginn haldi fram, að tilheyri hjáleigunum, s. s. í fjallinu og við sundlaugina.

Umboðsmenn eigenda Holtsels og Miðhúsa svo og Holts og Grundar I hafa mótmælt því, að nein skák væri milli Holtsels og Miðhúsalanda, er tilheyrði Grundarjörðinni sameiginlega, og telja, að merki þau, er þeir gera kröfu til á þessu svæði og að framan eru rakin, hafi verið haldin svo frá fornu fari.

Þeir hafa mótmælt matsgerðinni á dskj. nr. 12 sem þýðingarlausri fyrir mál þetta, þar sem þar var ekki um nein landamerki að ræða og ekkert á þau minnst, heldur hafi þar verið aðeins að skipta eignarrétti og viðhaldi á þargreindri girðingu, og hafa í því sambandi bent á, að ef af líkum megí ráða, þá hafi þar frekar verið farið eftir fasteignamati jarðanna en því, hvernig merki jarðanna voru, er að girðingunni lágu, enda hafi ekki verið hægt að miða við þetta síðastnefnda atriði almennt, þar

sem sumar jarðirnar hafi ekki átt neitt land að girðingunni. Eigendur Miðhúsa og Holtsels hafa ekki getað lagt fram nein bein skjalleg gögn, varðandi kröfur sínar, en byggja þær aðallega á vottorðum og vitnisburðum kunnugra manna.

Nokkur vitni, er öll eru meira og minna kunnug á þessu svæði eða hafa verið síðustu áratugina, hafa verið leidd sem vitni í málinu, og verður nú rakið það úr skýrslum þeirra, að því er þetta svæði varðar, sem máli þykir skipta.

Vitnið Þórður Jóhannesson á Espihóli, 65 ára, sem átti heima í Miðhúsum í Hrafnagilshreppi í 31 ár frá 1908—1939, lengst af hjá föður sínum, hefur borið eftirfarandi: Um landamerkin milli Miðhúsa og Holtsels sagði vitnið, að þau hafi verið ofan frá, miðað við svokallað Grundarhlið, því næst í klofinn stein, sem var í halla nokkru austar, síðan um göturnar rétt sunnan við réttina, sem nú er, og því næst austur í svokallaðan Gunnumel og síðan áfram beint austur að Holtsmerkjum.

Hann sagði og, að engjar þessara jarða hafi legið saman í mýrarsundi ofan við núverandi fjárrétt, og hafi verið hiklaust slegið þar á merki frá hvorri hliðinni sem var, enda hafi landamerki þar verið glögg. Ekki sagðist vitnið vita til, að Grund ætti neina landspildu þarna upp eftir, en hún hafi haft þarna umferðarrétt. Vitnið kvaðst hafa vitneskju sína um téð merki frá föður sínum, en hann hafi aftur fengið þessa vitneskju frá fyrirrennara sínum á jörðinni, eins og alltaf hafi verið.

Þá skýrði vitnið frá því, að hið svokallaða Grundarhlið hafi verið notað af Grundarmönnum, Holtsmönnum og einnig Holtselsmönnum, enda hafi verið greiðara og jafnvel styttra þá leið, það er fyrir Holtselsmenn, en að eigin hliði.

Um skiptingu fjallsgirðingarinnar sagði vitnið, að hún hafi ekki átt að miðast við aðliggjandi land, varðandi Miðhús, en vissi ekki, hvort svo hafi verið annars staðar við girðinguna. Þessi vitnisburður var tekinn gildur sem eiðfestur, en mótmælt efnislega af Snæbirni Sigurðssyni.

Hannes Jónsson, síðast til heimilis að Árgerði í Eyjafirði, sagður fæddur 31/10 1873 og sagður heimilisfastur í Holtseli frá 11 ára aldri til 31 árs aldurs, hefur gefið svohljóðandi vottorð, sam-anber dskj. nr. 15.

Ég undirritaður Hannes Jónsson, Árgerði, lýsi því hér með yfir, að ég hef aldrei heyrt það nefnt, að Grund í Hrafnagilshreppi ætti land á milli jarðanna Miðhúsa og Holtsels í sama hreppi. Þá vil ég enn fremur lýsa yfir, að ég vann við að hlaða

vörzlugarð á milli Holtsets og Miðhúsa, og var hann hlaðinn allur í Holtsetslandi og ekkert hlaðinn á neinum landamerkjum, en aðeins sem vörzlugarður fyrir Holtsetstún. Landamerkin milli Holtsets og Miðhúsa heyrði ég nefnd frá Grundarhliði að ofan og í Gunnumel að neðan.

Umboðsmaður Snæbjarnar Sigurðssonar mótmælti þessu vottorði, en eigi varð því viðkomið, að vottorðsgefandi mætti í rétti, þar sem hann hafði dáið í millitíðinni.

Hins vegar hafa tvö vitni, Benedikt Júlíusson, bóndi í Hvassafelli, og Magnús Stefánsson, Árgerði, sem báðir höfðu ritað á vottorðið sem vitundarvottar, staðfest það fyrir dómi, að það hafi verið undirritað af Hannesi heitnum Jónssyni í þeirra viðurvist og þeir undirritað það sem vitundarvottar. Benedikt kvaðst hafa stílað vottorðið samkvæmt beiðni og fyrirsögn Hannesar sjálfs og að það hafi verið algerlega efnislega samkvæmt hans framsetningu.

Undirskrift og staðfesting hafi farið fram í sama skipti og skjalið var samið. Einnig kvaðst vitnið hafa komið að Árgerði þessara erinda eftir beiðni frá Hannesi sjálfum, en Egill í Holtseti hafi fært honum boðin. Þá hafa bæði þessi vitni borið, að Hannes hafi þá verið rúmliggjandi, en andlega hress, og kvaðst Benedikt fyrst hafa lesið vottorðið upp fyrir hann, og því næst hafi hann sjálfur lesið það hátt, áður en hann skrifaði undir það. Bæði vitnin sögðust vera ókunnug á því svæði, er vottorðið fjallar um.

Hólmgeir Þorsteinsson, fyrrverandi bóndi á Hrafnagili, 75 ára, hefur borið eftirfarandi: Hann skýrir svo frá, að hann hefði búið á Grund árin 1923 til 1929. Áður hafði vitnið starfað við verzlun Magnúsar Sigurðssonar á Grund árin 1909—1916 og þar áður hafði hann verið þar kaupamaður og nemandi í unglingaskóla. Vitnið gaf þá yfirlýsingu, að það hefði aldrei heyrt getið um það, að Grund ætti ákveðna spildu lands milli Miðhúsa og Holtsets austan fjallsgirðingarinnar. Hitt kvað vitnið sér kunnugt um, að talinn hafi verið óskoraður réttur Grundarbænda að nota götuna frá Grund til rekstrar búfjár til fjalls gegnum svokallað Grundarhlið. Þá skýrði vitnið frá því að gefnu tilefni, að það vissi ekki um, að eigendur Grundar hafi úthlutað margnefndum hjáleigum landi með ákveðnum merkjum, en tók fram, að hjáleigurnar hafi haft ákveðið land og merki fyrir landi sínu, en hann kvaðst aldrei hafa gengið á þessi merki, og hafi honum ekki verið vel kunnugt um, hvar þau voru. Ekki kvaðst

vitnið heldur vita um, hversu gömul þessi merki væru, en þau hafi a.m.k. verið, frá því hann vissi til. Ekki kvaðst vitnið vita til, að nefndar hjáleigur hafi haft nokkrar slægjur við svonefnda Grundargötu og ekki heldur, að þær fengju slægjur í Grundarlandi, þó kvaðst vitnið vita til, að Holtsbændur hafi slegið eitt-hvað ofan fjallsgirðingar. Aldrei kvaðst vitnið hafa heyrt getið um úttektargerðina, samanber dskj. nr. 12, né heldur að þessi skipting girðingarinnar hafi átt að vera grundvöllur að skiptingu landsins neðan girðingar.

Vitnisburðurinn var tekinn gildur sem eiðfestur væri, en mót-mælt af Snæbirni Sigurðssyni.

Vitnið Valdimar Antonsson, sem bjó á Grund árin 1920—1923, hefur gefið samhljóða yfirlýsingu og Hólmgeir Þorsteinsson og greint er í upphafi skýrslu hans, varðandi spildu milli Holtsels og Miðhúsa og umferðarrétt Grundar um svokallað Grundarhlið. Um dskj. nr. 12, girðingarúttektina, sagði vitnið, að það hefði ekkert fylgzt með samningu hennar, það muni Magnús Sigurðsson, sem hafi verið eigandi allrar jarðarinnar og ábúandi að $\frac{1}{6}$ hluta hennar, hafa séð um, enda hafi þetta verið gert í sambandi við sölu Magnúsar á girðingunni til viðkomandi bænda, og kvaðst vitnið aldrei fyrr hafa séð þetta skjal. Vitnið kvaðst að gefnu tilefni ekki hafa vitað um það sérstaklega, að býlun-um væri úthlutað sérstöku landi, og kvaðst ekki vita til, að nefnd úttektargerð á fjallsgirðingunni hafi verið liður í slíkri land-skiptingu eða að hún hafi byggzt á eldri skiptingu landsins. Ekki kvaðst vitni þetta vita neitt um skipti landsins milli býlanna vestan Þjóðvegarsins og þau hafi ekki sjálf nytjað þar neitt land. Ekki vissi vitnið til, að bændur á þessum býlum hefðu neinar slægjur við Grundargötu, og vissi eigi til, að Grund ætti neina landspildu á því svæði upp að fjallsgirðingunni, og kvaðst aldrei hafa heyrt talað um neina eignarheimild á spildu, þar sem göt-urnar lágu. Vitnið vann eið að framburði sínum vegna andmæla umboðsmanns Snæbjarnar Sigurðssonar við framburð þess.

Þá hefur Magnús Aðalsteinsson, lögregluþjónn í Reykjavík, fyrrverandi eigandi Grundar II og fyrirrennari Snæbjarnar Sigurðssonar þar, borið vitni í málinu:

Hann hafi ekki heyrt því haldið fram, að Grund ætti neina landspildu milli landa Holtsels og Miðhúsa, fyrr en nú fyrir skömmu og kvaðst aldrei fyrr hafa heyrt annað en lönd Holt-sels og Miðhúsa lægju saman. Þá sagði vitnið, að girt hafi verið ágreiningslaust milli Holtsels og Miðhúsa, að því er hann bezt

vissi. Vitnið kvað sér annars ekki vera kunn merkin milli þessara jarða og kvað vel mega vera, að ekki hafi verið girt nákvæmlega á merkjunum. Hann minnir, að þessi girðing hafi verið sett um 1930, og vissi ekki til, að henni hafi verið nokkurn tíma breytt síðan. Varðandi það atriði, hvort dskj. nr. 12, „matsúttektargerðin“, hefði þýðingu við ákvörðun landamerkja milli jarða þeirra, sem þar um getur, neitaði vitnið því og kvað þetta eingöngu hafa verið viðkomandi eignarrétti á girðingunni og viðhaldi á henni. Vitnið kvað sér ekki kunnugt um, að neinn ágreiningur hafi verið um landamerki þessara jarða. Vitnið tók fram, að það hefði orðað afsólin fyrir jörðinni þannig, að þar seldi hann eignarhluta sína ótiltekið.

Egill Halldórsson bóndi, Holtseli, sem kom þangað 1931, hefur borið, að hann hefði upplýsingar um merki Holtsels og Miðhúsa, eins og þær koma fram í kröfugerðinni, frá Eggert Jónssyni, bónda í Holtseli, tendaföður sínum, Jóhannesi bónda í Miðhúsum, föður Þórðar Jóhannessonar, er að framan er greindur, og Hannesi Jónssyni í Árgerði og tók fram, að sá fyrstnefndi og sá síðastnefndi hafi báðir verið dánir, er þetta mál kom til. Hins vegar sagði hann, að hann hefði ekki fengið neinar upplýsingar um merki jarðarinnar, er hann keypti hálflenduna af Magnúsi Aðalsteinssyni, og kvaðst hafa talið, að enginn ágreiningur væri um merkin og að honum hafi þá verið kunn merki þau, er hann gerir nú kröfu um, og bæði Magnús Aðalsteinsson og Hólmgeir Þorsteinsson hafi talið merkin vera þannig. Þá hefur hann borið, að hætt muni hafa verið að nota Holtselsfliðið á fjallsgirðingunni fyrir 23 árum og Grundarhliðið eingöngu notað síðan, enda hafi verið álitnið frá upphafi, að þetta væri að nokkru leyti sameiginlegt hlið, þar sem kýrnar hafi alla tíð verið reknar um Grundarhliðið. Þá kvað hann girðingu, sem sé fyrir sunnan Gunnumel, hafa verið setta upp fyrir meir en áratug, og hafi sú girðing og girðing frá Miðhúsum komið saman og verið hlið á, og hafi svo verið, þar til sýsluvegurinn hafi komið. Þá kvað hann girðinguna hafa verið setta upp utan um tveggja dagsláttu nýrækt norðvestur af grjótgardinum, sbr. uppdráttinn, og hafi síðan verið sett girðing frá henni í Miðhúsagirðingu 1934 eða 1935. Þessa síðast nefndu girðingu kvað hann hafa verið tekna niður 1958. Egill kvaðst aldrei hafa beðið Grundarbændur um leyfi, þegar hann girti út í Miðhúsaland, enda taldi hann sig ekki hafa þurft þess, og þeir hafi aldrei amazt við því fyrr en Snæbjörn Sigurðsson 1958.

Ingólfur Gunnarsson, bóndi í Miðhúsum, sem hefur búið þar síðan 1941, hefur borið eftirfarandi. Hann kvað heimildarmann sinn um merkin vera Þórð Jóhannesson, og einnig hafi hann stuðzt við, hvernig landið var nytjað frá jörðinni, og nefndi þar til, að slegið hafi verið á sundunum fyrir ofan fjárréttina á merki til móts við Holtselsbóndann, og hafi þau verið þau sömu og hann hafi gert kröfu til í máli þessu, og einnig hafi verið slegið norður og vestur af Gunnumel, og loks sagði hann, að fyrir um það bil 25 árum hafi verið gerð sáðslétta austur af Gunnumel og jafnan hafi verið borið á hana, en hún hafi aðallega verið notuð til kúabeitar síðustu árin. Hann sagði, að blettir þessir hafi verið slegnir árlega, og einnig hafi landið á hinni umdeildu skák verið nytjað til beit- ar, að því er virtist frá Miðhúsum. Þá sagði Ingólfur, að girðing, sem Egill setti sunnan við Gunnumel, hafi ekki náð alveg í Mið- húsagirðinguna, heldur hafi verið þar opið sund, en tók fram, að túngirðing Miðhúsa hafi áður legið þar um, sem nú sé suðaustur- horn réttarinnar, samhliða núverandi túngirðingu niður undir, þar sem sýsluvegurinn sé nú, og hafiundi þarna á milli því verið mjórri en það er nú, sbr. uppdráttinn. Framburður Ingólfs um girðingu nýræktar og þaðan út í Miðhúsagirðingu er samhljóða við framburð Egils Halldórssonar um það. Þá sagði Ingólfur, að Egill hafi lagt þvergirðingu neðan (austan) við réttina út í Mið- húsagirðingu, eftir að sýsluvegurinn kom. Hlið var á báðum þver- girðingunum.

Svo sem fram kemur af því, er að framan greinir, byggir Snæ- björn Sigurðsson kröfur sínar um ganginn milli Holtsels og Mið- húsalanda á matsgerð úttektarmannanna, dskj. nr. 12, auk nokk- urra annarra atriða, svo sem Grundargötu, vatnsbóli, uppfærslu Holtselsgirðingar o. s. frv. Í skjali þessu er ekki tekið fram, að hinn úthlutaði girðingarhluti sé allur fyrir landi viðkomandi jarða, nema Finnastaða, og ljóst er, að girðingar tilheyrandi Miðhús- um og Holti eru ekki afmarkaðar eftir löndum þeirra, enda ekki hægt við þá síðarnefndu.

Tvö vitni hafa borið um gildi þessa skjals, Valdimar Antonsson og Magnús Aðalsteinsson, eins og áður greinir, og hefur hvorugur kannast við, að skipting girðingarinnar hafi miðast við skiptingu landsins neðan við girðinguna. Hins vegar hefur ekkert vitni bor- ið um þetta atriði í gagnstæða átt. Þegar á þetta er litið og þess jafnframt er gætt, að matsgerðin gæti aldrei bent til nema eins punkts, yrði aldrei hægt að byggja neinar línur á því einu saman og þá ekki merki heldur. Ekki verður heldur talið, að önnur rök

Snæbjarnar Sigurðssonar séu nægileg stoð undir kröfu hans um land, tilheyrandi Grund, á þessu svæði eða merki þess lands. Eins og fram kemur að framan, hafa 4 vitni, það er Þórður Jóhannesson, Hólmgeir Þorsteinsson, Valdimar Antonsson og Magnús Aðalsteins-son, sem allir eru þarna nákunnugir og allir verið bændur á Grund, nema sá fyrstnefndi, borið það, að þeir hafi aldrei vitað til, að Grund ætti neina landspildu milli nefndra jarða. Hins vegar hefur ekkert vitni verið leitt, er borið hafi í gagnstæða átt, nema að Guðrún Jónsdóttir bar, að hún teldi, að Grundargötur svokallaðar hafi tilheyrt Grundarjörð, en kvaðst annars ekkert um þetta vita. Þegar jafnframt er litið á skýrslu búenda á þessum jörðum um nytjar landsins á hinni umdeildu spildu og girðing- ar, sem þeir virðast hafa haft þar um áratugi, að því er séð verður átölulaust af Grundarmönnum, þá verður rétturinn að hafna þeirri kröfu Snæbjarnar Sigurðssonar, að neitt land, tilheyrandi Grund, sé milli landa Holtsels og Miðhúsa, en taka til greina kröfur þessara jarðeigenda um, að lönd þeirra liggi saman á þessu svæði, og með því að kröfur eigenda beggja landanna eru samhljóða, ber að taka þær til greina, eins og þær liggja fyrir í kröfugerð þeirra og að framan er rakið. Þá má teljast upplýst í málinu, enda viðurkennt, að Grundareigendur eigi umferðar- rétt eftir fornum götum að Grundarhliði á fjallsgirðingunni, en þar sem engin krafa hefur verið um það gerð í málinu, verður eigi dæmt um það atriði.

Um landamerki Holts.

Upphaflega var krafa Snæbjarnar Sigurðssonar sú gagnvart Holti, að sú jörð héldi landi því, sem þar er afgirt og hafi lengi verið, sbr. dskj. nr. 2, og gaf hann síðar þá skýringu á þessu, að þar væri átt við núverandi túngirðingu. Síðar gerði Snæbjörn þá breytingu á kröfu sinni, að auk þess fylgdi Holti land það, ræktað og óræktað, sem er í suður frá Holtstúni að Finnastaðaá, milli Finnastaða og Árbæjar að vestan og nýræktar Grundar II að austan, norður að höllunum, og enn síðar skilgreindi hann þá kröfu sína þannig, að höllin byrjuðu við holtsendann, þar fyrir norðan skyldi túngirðing Holts ráða. Hann kveður „höllin“ austan við túnið í Holti aldrei hafa verið lögð undir Holt, þar á meðal heimaskógræktarreiturinn, sem eigendur Grundar I hafa lagt undir sig, að eigendum Grundar II forspurðum. Þá kveður hann vitað og viðurkennt af öllum, að svonefnd Kálfa- grund, sem er á þessu svæði, hafi aldrei verið lögð undir Holt.

Krafa eigenda Holts um merki þeirrar jarðar, er sem hér grein-

ir: Að vestan ræður girðing frá Finnastaðaa að sunnan norður á móts við norðvesturhorn skógræktargirðingarinnar. Þaðan bein lína til austurs í norðvesturhornið á Skógræktargirðingunni. Síðan ráða vestur- og suðurhlið skógræktargirðingarinnar merkjum, eins og girðingin liggur frá norðvesturhorni hennar á þann stað, er áður var suðvesturhorn Skógræktargirðingarinnar (í suðurhlið núverandi girðingar). Þaðan bein lína í norðvesturhorn Kálfagrundargirðingar. Síðan ráða vestur- og suðurhliðar girðingarinnar um Kálfagrundina merkjum í suðausturhorn hennar. Þaðan ræður merkjum að austan núverandi girðing allt suður að Finnastaðaa. Að sunnan ræður Finnastaðaaín merkjum. Engin skrifleg skilríki finnast um merki milli Grundar og Holts frekar en annarra býla í Grundartorfu, og eru aðalgögnin, sem komið hafa fram um þetta, vitnisburður kunnugra manna og girðingar þær, sem nú eru á þessu svæði eða upplýst er um, að verið hafi á þessu svæði, og önnur kennileiti, sem upplýst er um. Samkvæmt uppdættinum er fyrir liggur í málinu og athugun dómsins á vettvangi, er nú girðing á þeim línunum, er greindar eru í kröfum eigenda Holts, að undantekinni línunni frá Skógræktarreit að svokallaðri Kálfagrund. Hins vegar er Kálfagrund alveg afgirt og sömuleiðis heimaskógræktarreitir sunnar í höllunum.

Verður nú vikið að skýrslum vitna, er fyrir liggja.

Axel Jóhannson bóndi, Torfum, hefur gefið eftirfarandi skýrslu. Í vottorði hans á dskj. nr. 9 segir svo: Ég undirritaður bjó í Holti í Hrafnagilshreppi árin 1930 til 1935. Landamerki jarðarinnar voru ágreiningslaus að sunnan, vestan og norðan, en samkomulag varð milli mín og eigenda Grundar, að ég setti girðingu úr suðausturhorni Kálfagrundar suður með holtinu, allt suður að Finnastaðaa, einnig setti ég girðingu úr norðvesturhorni Kálfagrundar norður í suðausturhorn skógargirðingarinnar. Þá vil ég geta þess, að ég heyjaði lækjargilið upp undan Grundniður að þjóðvegi, áður en girðingin var sett, og varði það og spilduna vestan skógargirðingarinnar fyrir ágangi búfjár frá Grund, einnig heyjaði ég í skógarreitnum sjálfum, sem talinn var vera að einhverju leyti í Holtslandi. Nánar hefur vitnið lýst landamerkjum Holts þannig að vestan og norðan, að syðst hafi það legið að Finnastaðalandi, þar fyrir norðan að Miðhúsamó, og hafi mörkin þar verið svipuð, eins og girðingin er nú, en síðan hafa merkin verið svolítið ofar við lækinn en þar sem girðingin sé nú, en sagði, að sér hefði ekki verið vel kunnugt um merkin nyrzt á þessu svæði, en áréttaði, að Holt mundi hafa

átt svæði vestan við skógræktargirðinguna og bæjargilið, og tók fram, að fyrrverandi bóndi í Holti, Sigurjón Þorkelsson, hafi sagt sér þetta, og einnig hafi sami maður sagt vitninu, að vestasti hluti skógarreitsins hafi tilheyrt Holti. Jafnframt tók vitnið fram, að ábúendur Grundar og eigendur hafi látið það átölu-laust, að hann hefði slægjur og varnir gegn ágangi búfjár á framangreindu svæði. Hins vegar sagði vitnið, að Grundarbændur hafi haft óhindraðan umferðarrétt um þetta svæði, og hafi þar verið hlið á girðingunni, eftir að hún kom upp. Varðandi girðinguna suður með holtinu og suður að Finnastaðaá, sem það minnti, að það hefði sett upp 1932—33, bar vitnið, að það hefði sjálft átt frumkvæðið að setningu hennar, enda kostaði hann hana að öllu leyti. Þegar vitnið kom í Holt, var þar engin tún-girðing, og hafi þá verið stöðugur ágangur búfjár, svo að naumast hafi verið búandi í Holti án þess að girða, og hafi hann þá ráðizt í það. Hins vegar sagði vitnið, að þáverandi umráðamenn Grundar, þeir Júlíus Ólafsson í Hólshúsum og Hólmgeir Þorsteinsson, hafi ráðið þar mestu. Í sambandi við þetta sagði vitnið, að Júlíus hafi lagt áherzlu á að hafa girðinguna sem næst túninu í Holti, einkum hafi hann viljað teygja hana upp við syðri enda holtsins, til að Grund missti ekki af góðu beutilandi, sem hann taldi vera þar. Ekki sagði vitnið, að girðingin hafi verið sett eftir neinum kennileitum eða merkjum, gerðum af manna höndum. Vitnið sagði, að sér hefði verið ókunnugt um merkin að austan, en eins og áður segir, hafi girðingin verið sett niður í samráði við umráðamenn Grundar, og sagði, að ekki hafi verið talað um, að girðingin væri landamerki, en sagði, að í framkvæmdinni hafi hún verið höfð sem merki, þar sem hann hafi hætt að nytja land neðan girðingar, nema hluta af svokölluðum Kotavelli neðan vegar, og Grundarbændur hafi eftir þetta ekki nytjað landið neitt ofan girðingar.

Jón Kristjánsson, fyrrverandi bóndi í Holti, hefur gefið svo-fellða yfirlýsingu: Þegar ég undirritaður bjó í Holti á árunum 1935—1940, var enginn ágreiningur um landamerki Holts. Landið liggur að landi Finnastaða, Holtsels og Miðhúsa að vestan, norður á mótis við norðvesturhorn skógargirðingarinnar og þaðan niður í skógarhorn. Að norðan réðu vestur- og suðurhliðar skógargirðingarinnar niður í horn að sunnan. Að austan var girðing úr suðausturhorni skógargirðingarinnar, bein lína á norðvesturhorn Kálfagrundar, suður með henni og niður í horn á henni að suðaustan og þar suður með holtinu til Finnastaðaár. Þess

skal getið, að á hverju sumri heyjaði ég gilið og spilduna vestan við skóginn.

Þá sagði vitnið, að þegar það hafi komið að Holti, hafi allt landið verið afgirt, nema að vestan, að undanteknu Finnastaðalandi. Sjálfst girti vitnið nokkuð af túninu, en ekki að fullu.

Um kennimerki að vestan sagði vitnið, að gróf hafi verið sunnan og ofan við gömlu húsin, og hafi svo merkin legið þaðan norður eftir, og hafi verið frekar mjó spilda vestan við lækinn, og hafi hann slegið hana og norður með skógargirðingunni að vestan auk gilsins. Honum var sagt, að girðingin að austan réði merkjum. Vitnið kvaðst hafa haft upplýsingar um merkin frá ábúendum Holtsels og Miðhúsa og fyrirrennara sínum í Holti. Þá kvaðst vitnið að gefnu tilefni ekki hafa orðið fyrir miklum ágangi með heyskap í bæjargilinu og spildunni vestan skógarreitsins. Varðandi þá spurningu, hvort vitnið gæti fullyrt um, að framangreind merki hafi verið annað og meira en slægju-merki í óskiptu landi, sagðist vitnið ekki geta það, en sagðist hafa litið svo á, að það hefði haft fulla ábúð á þessu landi og hefði einn rétt til að nytja það.

Vitnið Steinþór Sigurjónsson, til heimilis á Akureyri, 67 ára, hefur gefið svofellda yfirlýsingu, sbr. dskj. nr. 8: Þegar ég undirritaður átti heima í Holti í Hrafnagilshreppi á árunum 1892—1930, var enginn ágreiningur um landamerki Holts. Landið liggur að landi Finnastaða, Holtsels og Miðhúsa að vestan norður á móts við norðvesturhorn skógargirðingarinnar og þaðan niður í skógarhorn. Að norðan réði vestur- og suðurhlið skógargirðingarinnar niður í horn að sunnan. Að austan var þá engin girðing, en ágreiningur var enginn um merki á því svæði frá skógargirðingunni suður að Finnastaðaa. Á hverju sumri var gilið niður að skógarhorni heyjað frá Holti, og sum árin var einnig heyjað í skógargirðingunni. Þá skýrði vitnið svo frá, að í þess tíð í Holti hafi merkin verið vel merkt gagnvart Finnastöðum með grjótvörðum, og einnig hafi verið eitthvað merkt með steinum norður fyrir Miðhúsamó, og nyrzt, nálægt því á móts við norðvesturhorn skógargirðingarinnar, hafi verið ofurlítill lág eða gryfja, sem slegið hafi verið að. Ekki kvaðst vitnið hafa séð girðinguna, sem nú er á þessum slóðum, svo vel, að það geti sagt, hvort hún væri á merkjunum. Um merkin að austan sagðist vitnið eigi hafa vitað, það hafi slegið Bæjarlækjargilið niður jafnt neðra skógarhorni og lágina sunnan við Kálfagrund og einnig bletti

sunan í holtinu. Þá sagði vitni þetta, að gefnu tilefni, að enginn maður hefði skýrt fyrir því merki Holts, en sagði, að við nytjun slægna hafi þeir miðað við það land, sem þeir töldu sig hafa full umráð yfir, og sagði, að talið hafi verið, að land það, sem var innan þeirra merkja, er það hefur tilgreint, hafi tilheyrt Holti að öllu leyti. Varðandi notkun Grundarbænda á lægðinni norður af Holti (gilinu) og landinu þar vestur til fjallsgirðingar, sagði vitnið, að búfénaður frá Grund hafi verið rekinn um þetta svæði, hestar og kýr, en fé aðallega á vorin, og tók fram, að fráfærur hafi verið hætta á Grund, þegar hann man eftir. Þá sagði vitnið, að einhver ágangur af fé hafi verið að austanverðu, en það hafi aðallega verið að vetrinum, svo enginn ágreiningur hafi verið þar um.

Magnús Sigurjónsson húsgagnabólstrari, Ægisgötu 1, Akureyri, fæddur 1898, hefur gefið eftirfarandi skýrslu. Hann kveðst hafa verið heimilisfastur í Holti hjá föður sínum frá fæðingu til 1930, en skýrði jafnframt frá því, að eftir að hann varð fulltíða, hafi hann leitað annað til vinnu á sumrin. Um rekstur á búfé frá Grund, sagði vitnið, að hann hefði verið um gilið norðanvert og upp hjá svokölluðum Gunnumel sunnan megin og þaðan sem næst beint af auga að Grundarhliði. Þá sagði vitnið, að frá Holti hafði verið heyjað í gilinu, þó hafi aðalslægjan verið, þar sem gilinu sleppir vestan við skógræktarreitinn og stundum inni í reitnum, þó hafi þarna ekki verið slegið nema sum árin. Einnig segir vitnið, að frá Holti hafi verið slegið í höllin og í lágum í brekkunni sunnan við Kálfagrund, en sagði, að það hafi þó aðallega verið ein læna sunnan við grundirnar, og hafi Grundarbændur séð um, að kýr gengju þar ekki, þegar heyskapur var þar. Þá sagði vitnið, að kýrnar frá Grund hafi verið hafðar við Helguhól og suður af Kálfagrund og stundum suður með brekkunni, en sagði, að þær hafi ekki mikið verið hafðar þarna og ekki amazt við þeim frá Holti. Kvað vitnið beit þessa hafa verið á ýmsum tímum árs, m. a. um sláttinn, en stuggað hafi verið við kúnum niður fyrir höllin, er þær nálgðust túnið, sem var ógirt.

Vitnið sagði, að búfé frá Grund hafi ekki að staðaldri verið rekið á síðastnefnd svæði, en það hafi komið fyrir. Varðandi það, hvort slegið hafi verið að einhverjum merkjum í Holti að vestan og norðan, sagði vitnið, að einhverjir steinar hafi verið sem merki gagnvart Holtseli; og gagnvart Miðhúsum hafi hann munað eftir einhverri lægð eða halli, en að norðan hafi verið

farið að óræktarhalli, og sagði, að sig minnti, að ekki hafi verið farið eins langt norður og móts við norðvesturhorn skógargirðing-arinnar.

Vitnið Guðrún Þóra Jónsdóttir, 51 árs gömul, sem fædd er á Grund og var þar að mestu til 1930, hefur borið eftirfarandi. Vitnið sagði, að Holtsfólkið hafi heyjað í giliinu. Þá sagði vitnið, sem m. a. hafði með vörzlu kúnna á Grund að gera, að kýrnar þaðan hafi verið hafðar í girðingu suður af túninu, og einnig hafi þær stundum verið neðst í giliinu og með brautinni suður af Kálfagrund. Þær hafi ekki mátt vera uppi í höllunum, vegna þess að þau hafi verið nýttuð frá hinum bæjunum. Þá sagði vitnið, að kýrnar hafi stundum verið vaktaðar norðan við Helgu-hól, og hafi þess verið gætt, að þær færu ekki upp í gilið, og tók fram, að Magnús Sigurðsson hafi ekki viljað hafa kýrnar uppi í giliinu eða vestan skógarreitsins.

Þá verður getið þess helzta, er vitnið Hólmgeir Þorsteinsson, er að framan greinir, hefur borið um þetta svæði, en hann mætti tvisvar. Í fyrri framburði sínum, að hann mundi eftir því, að bóndinn í Holti hafi slegið bæjarlækjargilið og svæðið upp af skógarreitnum. Þá skýrði vitnið frá því, að það hafi heyrt talað um það, að þegar upphaflegi skógarreiturinn hafi verið úrskiptur um aldamótin, þá hafi fyrst verið talað um, að hann næði aðeins að Holtslandi, en það hafi ekki þótt nægilegt og hafi verið farið lengra vestur, þ. e. í Holtsland, og hafi þar verið svolitill hálfdeygjublettur, er eigi var nothæfur til skógræktar, og muni Holtsbændur hafa heyjað á honum. Í skýrslu á dskj. nr. 39 og síðar í rétti gerði vitni þetta nána grein fyrir atvikum að setningu girðingar Axels Jóhannssonar og fleira varðandi Holtsland. Tildrögin voru þau, að Axel tjáði vitninu sem um-boðsmanni dætra Magnúsar heitins Sigurðssonar, er átti hluta af Grundartorfu, að hann taldi sig tilneyddan að girða Holtsland að austan til að hindra ágang búfjár. Hólmgeir ákvað svo girð-ingarstæðið ásamt Júlíusi Ólafssyni í Hólshúsum, fjárhaldsmanni Magnúsar Aðalsteinssonar, er átti hinn hluta jarðarinnar. Fyrst var að athuga, hvar merki jarðanna væru á þessum stað, sagði Hólmgeir, en þeir höfðu ekkert skjalllegt í höndunum þeim til glöggvunar, og hefur Hólmgeir sagt, að þarna hafi ekki verið til nein nákvæm merki að hans áliti, og Júlíus hafi heldur ekki virzt vita um nein nákvæm merki. Hins vegar sagði hann, að það hefði mótast fast í sinni vitund, að merkin væru rétt við brekkuræturnar og eftir þeim beinlínis suður í Finnastaðaá, og

rök hans væri þessi: Hann hafði allt frá sumrinu 1905 horft á, að Holtsbóndinn sló lág nokkra framan í brekkunni, sunnan við svonefnda Kálfagrund og allt niður á brekkurótina. Einnig sló hann smábletti framan í brekkunni suður að svonefndum Holtsenda, og svo þar fyrir sunnan, sem slægt þótti, og var þetta gert alla tíð, sem vitnið vissi til, átölulaust af Grundarbónda. Þá gerðu ungir menn í Grundarplássi sundpoll þarna suður undir Finnastaðaá 1909, og kvað vitnið þá hafa fengið leyfi Holtsbónda til þeirra framkvæmda, og hafi hann veitt leyfið. Þá sagði vitnið, að í þriðja lagi hafi Júlíus Ólafsson talið merkin við brekkuræturnar, og þótti vitninu það mikil stoð, þar sem Júlíus hafi verið þarna miklu kunnugri um þessar slóðir. Þessa merkjalínu sagði hann, að þeir hafi svo lagt til grundvallar við ákvörðun girðingarstæðisins, en þeim kom saman um, að ófært væri að setja girðinguna nákvæmlega, þar sem þeir töldu merkin vera, það er við brekkuræturnar, vegna snjóþynsgla, og vildi vitnið, að hún væri nokkrum metrum austar, en Júlíus vildi, að hún væri vestar. Samkomulag varð svo um það milli þeirra, að girðingin yrði sett nokkrum metrum austar norðan til, en til að jafna það, væri hún lögð nokkru vestar sunnan til. Þá segir orðrétt (úr dskj. nr. 39): Það skal framtekið, að báðum okkur Júlíusi var það fullljóst, að hér vorum við ekki að dæma um ný og endanleg landamerki, heldur samkvæmt ósk ábúanda Holts að ákveða girðingarstæði, sem þó væri sem allra næst hinum raunverulegu merkjum, eins og við töldum þau réttust vera og okkur fullkunnugt um, að haldin höfðu verið langa tíð. Frávikin frá hinum réttu merkjum voru gerð af hagkvæmnisástæðum, eins og fram kemur hér á undan, og mismunurinn jafnaður þannig, að í framkvæmd og afnotagildi væri á hvorugan réttinn gengið, Grundar og Holts.

Ekki vissi Hólmgeir annað en nefnd girðing hefði alltaf staðið, síðan hún var sett, en upplýst er, að hún var tekin niður eftir um 10 ár. Varðandi það, hvort vitnið teldi, að núverandi girðing væri á sama stað og sú eldri, sagði vitnið, að þegar það kom á vettvang s.l. haust í réttarhaldi í máli þessu, hafi eigi verið farið lengra en suður að Holtsendanum, og sagðist álíta, að þangað væri núverandi girðing á sama stað, og kvaðst hafa talið víst, að þannig væri einnig með syðri hlutann, þótt hann hafi ekki athugað það eins vel.

Um þessi merki hefur Snæbjörn Sigurðsson, einn aðilja þessa máls, borið eftirfarandi: Þegar hann keypti, fékk hann engar

upplýsingar um merki, og ekki hafi heldur verið neitt rætt um merkin milli hans og Ragnars Davíðssonar, þegar hann seldi eigendum Grundar I sinn helming í Holti. Þá skýrði hann svo frá, að girðing Axels Jóhannssonar hafi verið tekin niður, eftir að hún hafi verið búin að standa um tíu ár, og hafi verið búíð að því, er hann kom að Grund. Síðan kvað hann Ragnar Davíðsson hafa gert skógarreitinn austan Holts og sett upp aftur girðinguna sunnan Kálfagrundar og suður úr og telur, að þetta hafi verið sama árið og hann kom að Grund, 1948, og sagði, að samvinna hafi verið með þeim Ragnari um þetta, og hafi Ragnar gert girðinguna suður á móts við Holtsenda eða að hliði, sem er á girðingunni sem sé sunnan skáa, sem sé á girðingunni, sbr. uppdráttinn, en sjálfur hafi hann gert núverandi girðingu þaðan og suður úr, og hafi hann nýrækt þar austan við (í landi Grundar II). Þá tók Snæbjörn fram, að hann teldi núverandi girðingu suður af skógarreitnum ekki í girðingarstæði Axels, og telur, að girðing Axels hafi verið vestar, sérstaklega sunnan til, að því er hann minnti. Hann sagði nokkur vírslitur hafa verið eftir af girðingu Axels, þegar hann girti. Snæbjörn neitaði, að hann hafi talið, að með þessari girðingu væri verið að gera landamerkjagirðingu. Hins vegar kannast Snæbjörn Sigurðsson við, að eigendur Holts hafi einir haft umráð og afnot af landinu í brekkunni neðan við túnið í Holti, síðan hann seldi helming jarðarinnar. Ragnar Davíðsson, bóndi á Grund, hefur skýrt svo frá: Hann hafði engin skrifleg gögn við að styðjast við samning kröfugerðarinnar, varðandi landamerki Holts í máli þessu, en studdist við þær girðingar, er voru, er hann kom að Grund 1937, og kvað þær þá hafa verið eins og nú, sbr. uppdráttinn á dskj. nr. 19, að því undanskildu, að hann hafi tekið niður girðingu úr NV-horni Kálfagrundar í SA-horn upphaflega skógræktarreitsins, og hafi sá hluti girðingarinnar, eins og hún öll, verið úr 5-földum gaddavír, og hlið hafi verið á götunni sunnan við reitinn. Eigi hafi heldur verið komin girðing frá NV-horni skógrættisins suður í Holtselsgirðingu. Hann kvaðst ekki hafa fengið aðrar upplýsingar um merki í Holti, er hann kom þangað, en girðingin ætti að ráða. Þá skýrði Ragnar frá því, að hann og Magnús Aðalsteinsson hafi sett, meðan þeir voru báðir bændur á Grund, girðingu tvíþætta úr NA-horni Kálfagrundar norður að Hólshúsalandi, og tók fram, að þá hafi eigi verið búíð að stækka skógræktarreitinn til austurs. Ragnar kvaðst alltaf, síðan hann kom að Grund 1937, hafa litið svo á, að girðingarnar

austan við Holt væru merkjagirðingar milli þeirra jarða og Grundar. Við samanburð við Snæbjörn Sigurðsson kannaðist Ragnar við, að girðing Axels hafi verið tekin niður, og telur, að það hafi verið 1940 eða 1941, en kannaðist jafnframt við að hafa sett hana upp aftur og minnti, að hann hafi sjálfur sett hana alla leið suður úr, en viðurkenndi, að rétt gæti verið, að Snæbjörn hafi sett upp syðri hluta hennar. Ragnar kvaðst hafa sett girðinguna upp á sama stað og hún hafi verið og tók fram, að greinileg merki hafi verið eftir frá girðingunni, holur og grjót, og kvaðst álíta, að syðri hlutinn hafi líka verið settur á sama stað. Hann sagði, að girðing þessi hafi verið sett upp fyrsta árið, sem Snæbjörn var á Grund, það er 1948, og hafi hún verið sett upp aftur vegna eigendaskiptanna á Holti. Ragnar kvað girðinguna utanum litla skógarreitinn sunnan Holts hafa verið gerða, eftir að síðastnefnd girðing var aftur sett upp, en Snæbjörn Sigurðsson telur það hafa verið gert um svipað leyti.

Hann kvaðst hafa litið svo á síðan 1947, að girðingin austan við Holt væri merkjagirðing. Þá kvað Ragnar, að eigendur Holts hafi einir nytjað landið í brekkunni neðan við túnið í Holti, eftir að makaskipti fóru fram 5. nóvember 1947, óátalið af eignum Grundar II. 18. maí s.l. gaf Axel Jóhannsson aftur skýrslu í sambandi við, að hann athugaði vettvang að nýju ásamt dómurunum. Í þessu réttarhaldi kom það fram, að vitnið vissi ekkert um, að hans girðing austan Holts hafi nokkurn tíma verið tekin niður og sett upp aftur. Þá kvaðst vitnið nú hafa séð það, að núverandi girðing sunnan við Kálfagrundina liggi vestar heldur en hans girðing lá, og telur, að það sé suður á mótis við það sem holtið gengur lengst til austurs. Þaðan og suður á mótis við suðurenda holtisins taldi hann, að núverandi girðing gæti verið á sama stað og hans, en þaðan hafi hans girðing stefnt meira til vesturs, og sagðist muna glögg, að hún hafi endað austast við gamla stekkin suður undir ánni, sem athugaður hafi verið í dag og sé greinilegur, og kvaðst ekki geta tiltekið þetta nánar. Vitnið minnti, að hans girðing suður að ánni hafi verið sem næst beint áframhald af girðingunni, eins og hún var austan við holtsendann.

Í máli þessu liggur fyrir kaupsamningur og afsal, þegar Snæbjörn Sigurðsson kaupir $\frac{1}{2}$ Grund og $\frac{1}{2}$ Holt o. fl. af Magnúsi Aðalsteinssyni, samanber dskj. nr. 22, dags. 26/9 1947, og einnig samningur, þar sem Snæbjörn Sigurðsson selur Ragnari Davíðssyni og Aðalsteinu, stjúp dóttur hans, $\frac{1}{2}$ Holt, dags. 5. nóvember 1947, dskj. nr. 25.

Í hvorugum þessum gerningi er neitt minnzt á landamerki þar téðra jarða, og ekki heldur neitt minnzt á landamerki í öðrum afsalsgerningum viðkomandi Grundartorfu, er fram hafa verið lagðir í máli þessu, og ekki finnast önnur skrifleg gögn um deilumál þetta, og verður því að styðjast við önnur gögn, en þau eru fyrst og fremst skýrslur kunnugra manna og girðingar, er nú eru og verið hafa á þessu svæði á undanförnum áratugum, eftir því sem upplýst er.

Eins og að framan greinir, eru kröfur eigenda Holts í máli þessu miðaðar við núverandi girðingar, sbr. dskj. nr. 19 og 49. Samkvæmt framburðum Hólmgeirs Þorsteinssonar og Axels Jóhannssonar, sem báðir eru glöggir og skýrir menn, verður eigi séð annað en svonefnd girðing Axels hafi verið sett 1932 eða 1933, eins og verið væri að setja merkjagirðingu, að vísu ekki alls staðar nákvæmlega þar sem merki voru talin vera, en með litlum frávikum frá því og þannig, að á hvorugan aðiljann væri hallað. Þessi girðing stóð svo nálægt einum áratug, og verður ekki annað séð, enda haldið fram af Axel Jóhannssyni, en að Grundarbændur hafi alveg útilokast frá að nytja landið vestan girðingarinnar og öfugt. Þá er upplýst, að girðing var sett aftur upp á þessum sömu slóðum 1948, sem telja verður að liggi svo nálægt því sem hin fyrri girðing, að sá mismunur, sem þar kann á að vera, verður naumast talinn hafa þýðingu, enda hefur Snæbjörn Sigurðsson viðurkennt syðri hluta girðingarinnar sem merki, en rök hafa einkum komið fram fyrir tilfærslu girðingarinnar á þeim kafla. Þá er upplýst, að þessi síðari girðing var sett upp með ráði og tilstuðlan Snæbjarnar Sigurðssonar og að uppsetning girðingarinnar hafi farið fram, eftir að Snæbjörn var búinn að selja sinn hluta í Holti. Aldrei hefur Snæbjörn Sigurðsson heldur, síðan þessi girðing var sett upp, gengið eftir að fá að nytja landið vestan nefndrar girðingar og eigi amazt við einkaafnotum Holtseigenda af því, svo vitað sé. Þegar á þetta er litið og það, að nefnd girðing hefur nú verið nær þrjá áratugi á sömu slóðum, að undanteknum nokkrum árum, virðist eðlilegast og hagkvæmast, að hún teljist merki jarðanna. Með tilvísun til þessa þykir rétt að taka til greina að fullu kröfur eigenda Holts um landamerki Holts að austan frá skógræktargirðingu suður að Finnastaðaá. Með tilvísun til niðurstöðunnar í fyrri kafla þessa dóms um merki milli Holtsels og Miðhúsa og framburðar framangreindra vitna um nytjun landsins í svokölluðum höllum, í bæjarlækjargili og vestan við skógarreitinn og með tilvísun til þess, að eigi er deilt um merki gagnvart skóg-

ræktarreitnum (þeim stærri) og að samkomulag er milli eigenda Holts annars vegar og Holtsels, Miðhúsa og Hólshúsa hins vegar um merki milli jarða þeirra, þykir eiga að taka kröfu eigenda Holts um landamerki jarðarinnar til greina að fullu. Leiðir þessi niðurstaða til þess, að kröfu Snæbjarnar Sigurðssonar um merki Holts er hafnað.

Rétt þykir, að málskostnaður greiðist þannig, að eigendur Grundar I og II greiði að hálfu hvor aðili útlagðan og ógreiddan kostnað embættis sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu svo og þóknun til dómsmanna í sömu hlutföllum, er ákveðst samtals kr. 12.000.00. Annar málskostnaður falli niður.

Dóminn kváðu upp Sigurður M. Helgason, formaður dómsins, með meðdómsmönnum Elíasi Tómassyni og Ásgeiri Valdemarsyni.

Dómsorð:

Landamerki Miðhúsa og Holtsels liggja úr miðju Grundarhliði á fjallsgirðingu í klofinn stein á Melhóli, þaðan í barð við suðvesturhorn fjárréttarinnar. Síðan ræður bein lína um miðjan Gunnumel austur í Holtsgirðingu, sbr. hina grænu línu á dskj. nr. 49 í máli þessu.

Landamerki jarðarinnar Holts skulu vera sem hér segir: Að vestan ræður girðing frá Finnastaðaá að sunnan norður á móts við norðvesturhorn Skógræktargirðingarinnar. Þaðan bein lína til austurs í norðvesturhornið á Skógræktargirðingunni, síðan ráði vestur- og suðurhliðar Skógræktargirðingarinnar merkjum, eins og girðingin liggur, frá norðvesturhorni hennar á þann stað, er áður var suðausturhorn Skógræktargirðingarinnar (í suðurhlið núverandi girðingar). Þaðan bein lína í norðvesturhorn „Kálfagrundargirðingar“. Síðan ráða vestur- og suðurhliðar girðingarinnar um „Kálfagrundina“ merkjum í suðausturhorn hennar. Þaðan ræður merkjum að austan núverandi girðing allt suður að Finnastaðaá. Að sunnan ræður Finnastaðaáin merkjum, allt sbr. bláar línur á dskj. nr. 49.

Eigendur Grundar I og II greiði að hálfu hvor aðili útlagðan og ógreiddan kostnað af málinu hjá sýslumanni Eyjafjarðarsýslu og þóknun til dómsmanna í sömu hlutföllum, er ákveðst kr. 12.000.00. Annar málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum
